

S A M Þ Y K K T

um lokun sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir í Seyðisfjarðarkaupstað skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skulu sölubúðir eigi opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis og lokaðar eigi síðar en kl. 7 síðdegis. Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum búðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. júní til 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 3 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, frídag verzlunarmanna og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar, enda sé frídagur verzlunarmanna auglýstur með minnst viku fyrirvara.

Ákvæði þetta nær ekki til lyfjabúða.

Ennfremur eru undanskildar ákvæði þessu þær búðir, sem aðallega verzla með brauð og mjólk, að því er þessar vörur snertir. Þær mega hafa opið frá kl. 9 árdegis til kl. 1 e. h. áðurtalda daga.

4. gr.

Eftir lokunartíma er óheimilt að selja í lyfjabúðum, á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal rekið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi fallin samþykkt nr. 70 frá 25. júlí 1930, um lokun sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.